

**VELFERÐ TIL FRAMTÍÐAR
MEGINÁHERSLUR 2010-2013**

Drög til kynningar á VI. Umhverfispingi 9.-10. október 2009

Athugasemdir og tillögur sendist umhverfisráðuneytinu fyrir 1. desember 2009 á heimasíðu ráðuneytisins www.umhverfisraduneyti.is eða með bréfi.

VELFERÐ TIL FRAMTÍÐAR: MEGINÁHERSLUR 2010-2013

Velferð til framtíðar er heiti á stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun, sem samþykkt var í ríkisstjórn skömmu fyrir leiðtogafundinn um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg árið 2002. Í henni var að finna 17 markmið um umhverfisvernd og auðlindanýtingu, auk undirmarkmiða og var henni ætlað að vera rammi utan um stefnu Íslands varðandi sjálfbæra þróun fram til 2020. Í fyrstu stefnumörkuninni var einnig að finna yfirlit yfir aðgerðir til skemmri tíma, sem raunhæf skref í átt til markmiðanna 17. Forgangsverkefni til að vinna að markmiðunum 17 eru endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Nýjar forgangsaðgerðir til fjögurra ára voru þannig skilgreindar í kjölfar Umhverfisþings árið 2005.

Í þessu riti er að finna nokkur lykilverkefni undir markmiðum *Velferðar til framtíðar* fyrir næstu fjögur ár, 2010-2013. Eins og áður er ekki um að ræða tæmandi lista yfir allar aðgerðir sem eru í bígerð eða æskilegt er að ráðast í, heldur er um að ræða nokkur forgangsverkefni á hverju sviði. Mörgum markmiðanna verður seint náð að fullu og þar er mikil þörf á því að forgangsraða verkefnum og beina kröftum að aðgerðum sem eru skilvirkastar og hagkvæmastar. Mikill árangur hefur hins vegar náðst á sumum sviðum, s.s. varðandi vernd ósonlagsins og þar er ekki þörf á að skilgreina mörg verkefni í náinni framtíð.

Í *Velferð til framtíðar* var sérstök umfjöllun um leiðir til þess að ná markmiðunum, en þær eru auðvitað margvíslegar: reglusetning, hagrænir hvatar, skipulag, alþjóðasamningar og fræðsla svo nokkrar séu nefndar. Hér verður ekki fjallað ítarlega um allar þessar leiðir en sérstaklega fjallað um tvær leiðir sem ætlunin er að leggja sérstaka áherslu á og efla á næstu fjórum árum. Annars vegar er um að ræða sjálfbæra framleiðslu og neyslu, hins vegar um menntun til sjálfbærrar þróunar. Báðir þessir þættir eru nátengdir vitund fólks um umhverfi sitt, lífsstíl og skilningi á því hvaða áhrif athafnir mannsins hafa á umhverfið svo og að þekkja þær leiðir sem eru færar til að draga úr álagi á umhverfið.

Sjálfbær framleiðsla og neysla hefur sífellt orðið gildari þáttur í stefnumótun um sjálfbæra þróun og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er m.a. unnið að sérstakri rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu og verður sú áætlun til umfjöllunar í nefnd S.þ. um sjálfbæra þróun á fundum nefndarinnar árið 2010 og 2011.

Menntun til sjálfbærrar þróunar er í brennidepli í alþjóðlegu samstarfi og áratugurinn 2005-2014 er áratugur menntunar til sjálfbærrar þróunar hjá Sameinuðu þjóðunum. Markmiðið með því að tileinka heilan áratug menntun til sjálfbærrar þróunar er að vinna jöfnum höndum að þeim gildum sem í hugtakinu felast og að auka skilning á því hvað felst í sjálfbærni. Því er nauðsynlegt í öllu námi að stuðla að breyttu hugarfari og ábyrgri hegðun fólks þannig að samfélögin verði sjálfbærari og réttlátari fyrir alla. Ríkisstjórnnum aðildarlanda Sameinuðu þjóðanna er ætlað að stuðla að því að auka almenna vitund og þátttöku í aðgerðum. Þeim er ætlað að eiga samvinnu við skóla, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila í samfélaginu.

Hér á eftir verður lýst megináherslum varðandi ofangreinda tvo þætti, þ.e. sjálfbæra framleiðslu og neyslu og menntun til sjálfbærrar þróunar. Markmiðum og. Í kjölfarið er fjallað um helstu aðgerðir 2010-2013 til að ná þeim 17 markmiðum í stefnumótun Íslands um sjálfbæra þróun sem voru sett árið 2002.

Sjálfbær neysla og framleiðsla

Markmið:

- Vægi vistvænna opinberra innkaupa verður aukið verulega.
- Íslensk fyrirtæki og stofnanir taki í vaxnadi mæli upp umhverfismerkið Svaninn eða sambærileg merki á vöru og þjónustu.
- Neytendur geti valið umhverfismerkar vörur og þjónustu
- Fræðsla og upplýsingar til almennings um gildi sjálfbærrar neyslu í daglegu lífi verður aukin

Forgangsmál 2010-2013:

- Stefna stjórnvalda um vistvæn innkaup verður framkvæmd sem aðgerðaráætlun fyrir Ísland um innleiðingu vistvænna opinberra innkaupa í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.
- Hlutfall útboða á vegum ríkisins þar sem sett verða umhverfisskilyrði verða: 30 % árið 2010, 60% árið 2011 og 80% árið 2012.
- Þrjár lykilstofnanir ljúka 1. stigi í innleiðingu vistvænna innkaupa á árinu 2010
- Allar ríkisstofnanir ljúka innleiðingu 1. stigi í stefnu stjórnvalda um vistvæn opinber innkaup árið 2012.
- Fyrirtækjum sem leyfishafa Svansmerktrar vöru og þjónustu fjölgi verulega og þrefaldist hið minnsta.
- Hlutfall umhverfismerktrar vöru á markaði, ekki síst Svansmerktrar, aukist verulega.
- Stjórnvöld leggja aukna áherslu að gera almenningi kleift að taka umhverfissvænni ákvarðanir í daglegu lífi og stuðla þannig að sjálfbærri neyslu og lífsstíl.

Lífstíll og neyslumynstur hins almenna borgara ráða miklu um stöðu og þróun umhverfismála. Þó athafnir hvers og eins virðist smáar og léttvægar hafa þær sameiginlega afgerandi áhrif á umhverfi okkar. Umhverfisvernd er því daglegt viðfangsefni hvers og eins, bæði einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Ákvarðanir um innkaup og neyslu í daglegu lífi geta stuðlað að sjálfbærri nýtingu auðlinda og dregið úr sóun verðmæta og úr úrgangi. Stjórnvöld geta búið svo í haginn að fólk geti valið sjálfbæran lífsstíl í sínu daglega lífi og að fyrirtæki og stofnanir sjái sér hag í að tileinka sér umhverfisstjórnun, umhverfismerkingar og stundi vistvæn innkaup. Það að stuðla að sjálfbærri neyslu og framleiðslu er því afar mikilvægur þáttur í starfi stjórnvalda á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar.

Umhverfismerkingar eru jákvæð og skilvirk leið til að stuðla að sjálfbærri framleiðslu og neyslu og um leið einfalda neytendum að velja umhverfissvænar vörur og þjónustu. Norræna umhverfismerkið Svanurinn var stofnað af norrænu ráðherranefndinni árið 1989 og er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Svanurinn nýtur mikils trausts

meðal neytenda og framleiðenda og er talinn vera leiðandi meðal umhverfismerkja í heiminum enda gerir merkið strangar kröfur um umhverfisgæði og heilnæmi .

Vistvæn innkaup eru markviss leið til að taka tillit til umhverfissjónarmiða og tengja þau gæðum og kostnaði. Síðast en ekki síst auka vistvæn innkaup framboð á vistvænum vörum og þjónustu sem nýtist samfélaginu í heild og ýta undir græna nýsköpun. Stofnanir og fyrirtæki geta hagað innkaupum sínum í þágu umhverfisins og þannig stuðlað að sjálfbærri þróun.

Íslenska ríkið kaupir vörur, þjónustu og verk fyrir meira en 100 milljarða króna á ári sem er um fjórðungur af útgjöldum ríkisins. Ljóst er að stjórnvöld geta haft mikil áhrif á úrbætur í umhverfismálum með því að hafa umhverfissjónarmið til hliðsjónar við innkaup hins opinbera.

Stefnumótun stjórnvalda frá því í apríl 2009 um vistvæn opinber innkaup ríkisstofnana er mikilvægt skref og fordæmi fyrir samfélagið allt í átt til sjálfbærrar þróunar. Í stefnunni er mælt fyrir um hvernig samþætta á umhverfissjónarmið innkaupum hjá ríkinu.

Á heimsvísu hafa vottuð umhverfisstjórnunarkerfi sem byggjast á alþjóðlegum stöðlum lengi verið leið fyrirtækja til að sýna umhverfisáherslur í verki. Þekktustu alþjóðastaðlar um stjórnun umhverfismála eru ISO 14001 og EMAS. Staðlarnir eru verkfæri fyrir fyrirtæki til að reka skilvirkt umhverfisstjórnunarkerfi og samþætta það öðrum stjórnunarkerfum fyrirtækisins. Markmið umhverfisstjórnunar er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar með skilvirkri stýringu á helstu umhverfisþáttum.

Menntun til sjálfbærrar þróunar


Markmið:

Menntun til sjálfbærrar þróunar hefur það markmið að skapa einstaklingum möguleika á að þroskast sem virkir borgarar sem hafa þekkingu á og eru meðvitaðir um félagslegar, hagrænar, pólitískar og umhverfislegar hliðar sjálfbærrar þróunar. Enn fremur möguleika til að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem eru teknar á þessum sviðum. Til að auðvelda yfirsýn og skilning á því hvað menntun til sjálfbærrar þróunar felur í sér er hún greind í sjö þætti. Undir hvern þátt er hægt að setja margvísleg markmið.

Gildi, viðhorf og tilfinningar gagnvart náttúru og umhverfi

- að bera virðingu fyrir lífi á jörðinni
- að gera sér grein fyrir gildum, viðhorfum og tilfinningum til náttúru og umhverfis
- að kynnast náttúrunni og fá tækifæri til að mynda tilfinningatengsl við hana
- að þróa með sér skilning og áhuga á umhverfisvernd

Þekking til að nota náttúruna á ábyrgan hátt

- að skilja hvers vegna verndun líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa er mikilvæg til að tryggja viðhald náttúrunnar í framtíðinni,
- að öðlast náttúrufræðilega, félagsvísindalega og tæknilega þekkingu sem getur haft áhrif á nýtingu náttúrunnar í framtíðinni
- að vera fær um að vega og meta mismunandi sjónarmið til náttúru og umhverfis. 

Velferð og lýðheilsa

- að tileinka sér lífsvenjur sem eru uppbyggilegar fyrir líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði
- að efla vitund um félagslega velferð í samfélaginu

Lýðræði, þátttaka, geta til aðgerða

- að búa yfir félags- og samskiptafærni
- að búa yfir hæfni til gagnrýninnar hugsunar
- að geta beitt sér á lýðræðislegan hátt til að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru um eigið líf, annarra og nánasta umhverfi
- að virkja ábyrga og lýðræðislega þáttöku í skóla-, nær- og fjärsamfélagi

Jafnrétti og fjölmennning

- að öðlast skilning og umburðarlyndi á margbreytileika mannlífsins hér á landi sem annars staðar í heiminum
- að virða möguleikatil menntunar óháða kyni, efnahag, menningu, kynhneigð og öðru sem gerir fólk ólíkt
- að skilja að jafnrétti kynja skiptir máli fyrir sjálfbæra þróun

Alþjóðavitund, hnattrænn skilningur

- að öðlast skilning á sameiginlegri ábyrgð jarðarbúa á jörðinni og íbúum hennar
- að skilja þýðingu þess að hugsa á heimsvísu en bregðast við á heimaslóð (*think globally – act locally*)

Efnahagsþróun og framtíðarsýn

- að skilja hvaða áhrif neysla í nútíð hefur á framtíðina og vera fær um að tengja skilning á alþjóðlegum málum við framtíðarhorfur sjálfbærrar mannvistar á jörðinni
- að skilja efnahagsþróun og samhengi nútíðar og framtíðar í sjálfbærri þróun

Leiðir stjórnvalda

Aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla eru lykiltæki stjórnvalda í stefnumótun menntunar til sjálfbærrar þróunar. Sumarið 2008 voru samþykkt ný lög fyrir þessi skólastig, nr. 90/2008, 91/2008 og 92/2008. Menntamálaráðuneytið vinnur nú að gerð námskráa og er stefnt að útgáfu þeirra árið 2010.

Í námskránum verður skilgreind almenn menntun á Íslandi sem byggir upp lykilhæfni nemenda. Það er hæfni sem hver og einn þarf að búa yfir til að geta lifað og unnið í sátt við sjálfan sig, þróast í og með umhverfi sínu, og eiga möguleika á að bæta lífsskilyrði sín með því m.a. að geta stundað símenntun. Tryggt verður að menntun til sjálfbærrar þróunar sé liður í lykilhæfni í almennri menntun.

Leiðir fræðsluaðila og skóla

Samkvæmt nýjum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla hafa stjórnendur töluvert svigrúm til að móta starf skóla eftir mismunandi áherslum og aðstæðum.

Í lagagreinum um hlutverk leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2008, er lögð áhersla á að nám stuðli að alhliða þroska og velferð einstaklingsins. Enn fremur að náin samvinna sé höfð við foreldra barna og ólöggráða nemenda. Í skólastarfinu skal velferð og hagur barna og unglunga hafður að leiðarljósi og starfshættir mótaðir af umburðarlyndi, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju og virðingu fyrir manngildi. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun barna og unglunga, þjálfa þau í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Á öllum skólastigum skal efla hæfni barna og unglunga í samskiptum og tjáningu á íslensku, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum. Leggja skal grundvöll að því að börn og unglingar verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun. Enn fremur að rækta hæfileika barna og unglunga til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta, stuðla að víðsýni og efla siðferðisvitund. Að auki bætist við hlutverk framhaldsskólans að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Allir þessir þættir samrýmast menntun til sjálfbærrar þróunar.

Skólar og fræðsluaðilar eru hvattir til að virkja skólasamfélagið þannig að skólinn/fræðslustaðurinn verði vettvangur þar sem nemendur, kennarar og annað starfsfólk þjálfast í að nota þekkingu sína og færni til að lyfta fram sjálfbærri þróun í samfélaginu. Vert er að hafa í huga að það er ekki er til einn fyrir fram gerður vegur til sjálfbærrar þróunar heldur er markmiðið að hvert staðfélag skapi sér sína vegferði fram á við. Skólar geta gengt þar lykilhlutverki.

Ný lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 gera ráð fyrir að gerð námsbrautarlýsinga færist frá menntamálaráðuneyti til framhaldsskólanna. Það þýðir að skólunum er falin eiginleg tillögugerð um fyrirkomulag, samhengi og inntak náms. Hér skapast mikilvægt tækifæri fyrir framhaldsskólana til að skapa vinnulag og vinnuumhverfi í anda sjálfbærrar þróunar, sem og að setja áherslur menntunar til sjálfbærrar þróunar inn í allar námsbrautarlýsingar, hvort sem um er að ræða bóknám eða starfsnám. Framhaldsskólar eru því sérstaklega hvattir til að til að skapa vinnulag og vinnuumhverfi í anda sjálfbærrar þróunar sem og að setja áherslur menntunar til

sjálfbærrar þróunar inn í allar námsbrautarlýsingar, hvort sem um er að ræða bóknám, starfsnám, starfsbrautir fyrir fatlaða eða fullorðinsfræðslu.

Leiðir sveitarfélaga

Samkvæmt nýjum lögum um leik- og grunnskóla er forræði sveitarfélaga á skólarekstri aukið og sveitarfélögum gert að setja almenna stefnu um skólalald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Þannig er sveitarstjórnnum falin meiri ábyrgð á faglegu starfi í skólum. Þeim ber að móta sér almenna stefnu um skólalald og einnig að fylgja því eftir að skólar vinni markvisst að umbótum í skólastarfi og mæti þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar. Þá er búinn til nýr samráðsvettvangur um skólalaldið með skólaráðum sem í sitja fulltrúar kennara og annars starfsfólks, foreldra og grenndarsamfélags og nemenda eftir því sem við á. Með þessum hætti er leitast við að efla lýðræðislega virkni þeirra sem tengjast starfi skólans og áhrif þeirra á stefnumótun og starfsemi skóla og almenna umgjörð skólastarfs. Upplagt er að tengja sama ákvæði sem gjarnan hafa verið sett í Staðardagskrá 21 varðandi menntun og skólastefnu.

Sveitarfélög gæti að því að í skólastefnu sveitarfélagsins sé hugað að menntun til sjálfbærrar þróunar og að sett séu fram viðmið um hvernig skuli staðið að menntun til sjálfbærrar þróunar.

Megináherslur 2010-2013

I. Heilbrigt og öruggt umhverfi

1. Heilnæmt andrúmsloft

- 1.1 Íbúar landsins búi við heilnæmt andrúmsloft þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu.**
- 1.2 Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki.**
- 1.3 Dreigið verði úr loftmengun á höfuðborgarsvæðinu þannig að hún verði umtalsvert lægri innan nokkurra ára en nú.**
 - Unnið verður að því í samvinnu ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri að draga úr svifryksmengun þannig að hún fari undir lækkuð viðmiðunarmörk, sem taka gildi 2010, s.s. með því að stuðla að minni notkun nagladekkja, hreinsun og rykbindingu gatna og betri frágangi opinna húsgrunna.
 - Settar verða reglur um mörk brennisteinsvetnis í andrúmslofti og markvisst leitað aðgerða til þess að draga úr losun þess frá jarðvarmavirkjunum.

2. Hreint og heilnæmt ferskvatn

- 2.1 Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni, ómengað af efnum og örverum, til neyslu og annarra nytja.**
- 2.2 Tilvik þar sem neysluvatn mengast heyri til undantekninga.**
- 2.3 Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.**
 - Rammatilskipun EB um vatn verður innleidd og löguð að íslenskum aðstæðum með því að sett verða lög um stjórn vatnamála sem tryggi verndun og sjálfbæra nýtingu ferskvatns. Vöktun á neysluvatni verður bætt í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar þar að lútandi. Lögin öðlast gildi á árinu 2010.
 - Unnin verður áætlun um stjórnun vatns ásamt aðgerðaáætlun sem miðar að tryggja vernd grunnvatns, yfirborðsvatns á landi, árósavatns og strandsjávar svo og heildstæða vernd vatnslinda og vistkerfa í vatni.

3. Örugg matvæli

- 3.1 Neytendur geti ávallt treyst því að á boðstólum séu eingöngu matvæli sem eru örugg til neyslu.**
- 3.2 Merkingar á matvælum veiti fullnægjandi upplýsingar um innihald vörunnar.**
- 3.3 Ísland verði ávallt virt sem framleiðandi heilnæmra og öruggra matvæla úr hágæða hráefnum í ómenguðu umhverfi.**

- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið mun beita sér fyrir að þeim markmiðum sem hér eru sett fram með fjölþættu starfi, svo sem ráðstefnum o.fl. Í því starfi verður neytandinn í þeirri hnattvæddu veröld sem við lifum í í miðpunkti, jafnframt sem aðgerðir tryggi að staða íslenskra framleiðsluvara verði tryggð á heimsmarkaði og áhersla verði lögð á samspil dýravelferðar, hollust og orðspor íslenskra framleiðsluvara.
- Reglur um merkingar á erfðabreyttum matvælum verða aðlagðar reglum ESB.
- Áfram verður unnið með hinum Norðurlandþjóðunum undir merkjum verkefnisins „Ny nordisk mad” sem hefur að inntaki að viðhalda kunnáttu í framleiðslu hefðbundins norræns mats, viðhalda og auka neyslu á honum bæði innan og utan Norðurlandanna en um leið að aðlaga meðhöndlun hans og innihald nútíma neysluháttum og matarvenjum.

4. Umhverfi án hættulegra efna

- 4.1 Notkun efna og efnavöru ógni ekki heilsu manna og umhverfi.**
 - 4.2 Neytendur fái fullnægjandi upplýsingar um hvernig beri að nota vöru og um hugsanlega áhættu sem stafað getur af efnum í vörunni.**
 - 4.3 Dregið verði úr notkun sæfi- og varnarefna.**
 - 4.4 Losun efna sem eru hættuleg heilbrigði og umhverfi verði takmörkuð eins og mögulegt er og verði hætt innan aldarfjórðungs.**
- Sett verða lög um efni og efnavörur á árinu 2011 í því skyni að tryggja að fyllstu varúðar sé gætt við meðferð efna og efnavöru þannig að hvorki hljótist af heilsutjón eða skaði á umhverfinu. Framkvæmd laganna verður tvíþætt, annars vegar að vernda heilsu manna og umhverfis, hins vegar að liðka fyrir samkeppni í efnaiðnaði og efla þróun nýrra efna á Evrópska efnahagssvæðinu.
 - Tryggt verður að fullnægjandi upplýsingar séu aðgengilegar um eituráhrif efna og efnavöru og áhættu við meðferð þeirra og að stjórnvöld hafi yfirsýn yfir hættuleg efni.
 - Markvisst verður unnið að því að skipta út eitrefnum og hættulegum efnum fyrir efni eða aðferðir sem hafa í för með sér minni hættu fyrir heilsu og umhverfi.
 - Innleidd verður löggjöf sem leggur grunn að hnattrænni samræmingu flokkunar og merkinga á efnum og efnablöndum (Global harmonized system GHS).

5. Útivist í sátt við náttúruna

- 5.1 Réttur almennings að frjálsu aðgengi að náttúru landsins (almannaréttur) verði ekki skertur nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndarsjónarmiða.**
- 5.2 Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.**
- 5.3 Vöxtur verði í ferðapjónustu á Íslandi og honum verði mætt með aðgerðum sem komi í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar.**
- Kannaður verður grundvöllur fyrir að leggja á umhverfisgjöld tengd ferðapjónustu m.a. í því skyni að standa straum af nauðsynlegum aðgerðum til þess að efla landvörslu og bæta stíga, merkingar og aðra aðstöðu á fjölsóttum náttúruperlum og viðkvæmum svæðum.
 - Stutt verður við rannsóknir og frekari þróun aðferðafræði til að meta þolmörk ferðamannastaða og reynt að meta kerfisbundið hvaða staðir séu helst í hættu vegna ágangs og þurfi sértækra aðgerða við.
 - Markvisst verður unnið að því að koma í veg fyrir akstur utan vega m.a. með því að ljúka kortlagningu slóða á hálendinu árið 2012, merkja slóða sem leyfilegt er að aka um á kortum og loka öðrum. Fræðsla og eftirlit með utanvegaaksri verður eftl.
 - Áhersla verður lögð á að styrkja ákvæði um almannarétt við endurskoðun náttúruverndarlaga.

6. Varnir gegn náttúruvá

6.1 Allir íbúar landsins búi við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvár.

6.2 Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár.

- Unnið verður áfram að ofanflóðavörnum m.a. í Bolungarvík, Ólafsfirði og á Neskaupstað og leitast við að ljúka sem fyrst ofanflóðavörnum í langtímaáætlun stjórnvalda.
- Lokið verður vinnu við hættumat í þéttbýli vegna ofanflóða og unnið áfram að úttekt á hættu í dreifbýli.
- Veðurstofan mun halda áfram vinnu við að kortleggja flóðahættu á Suðurlandi og innleiðing flóðatilskipunar ESB verður metin.

II. Verndun náttúru Íslands

7. Vernd lífríkis Íslands

- 7.1 Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða.**
- 7.2 Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.**
- 7.3 Unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt.**
- Unnið verður að framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2009-2013, sem miðar einkum að verndun plöntusvæða og vistgerða á hálendi og verndun sjaldgæfra tegundna háplantna, mosa og fléttna. Einnig verður unnið frekar að verndun svæða sem út af standa í fyrri áætlun og miða að verndun mikilvægra fuglasvæða.
 - Náttúruverndarlög verða endurskoðuð m.a. í því skyni að treysta verndarákvæði, tryggja almannarétt og stuðla að náttúruvernd á strandsvæðum og í sjó.
 - Unnið verður að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum með hliðsjón af tillögu þar að lútandi í drögum að náttúruverndaráætlun og ljúka því verki á fyrri helmingi ársins 2010.
 - Skrásetning á votlendissvæðum verður bætt og undirbúið átak til þess að endurheimta votlendi, bæði í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og til að efla líffræðilega fjölbreytni.

8. Vernd sérstæðra jarðmyndana

- 8.1 Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu.**
- 8.2 Gengið verði frá skipulegu yfirliti yfir jarðmyndanir á Íslandi sem verði grunnur að markvissri verndun þeirra.**
- Unnið verður að því að vernda háhitasvæði á grundvelli mats á verndargildi þeirra og niðurstaðna Rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða.
 - Unnið verður að frekari viðmiðum fyrir markvissa verndun jarðmyndana fyrir gerð næstu náttúruverndaráætlunar 2014-2018.

9. Vernd víðerna

- 9.1 Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands.**
- 9.2 Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.**
- Unnið verður unnið að stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs einkum með áherslu á friðlýsingu Steinadals og svæða við Langasjó og landsvæða norðan Vatnajökuls.
 - Við endurskoðun náttúruverndarlaga verður hugað sérstaklega að því að styrkja vernd víðerna og sérstæðra jarðmyndana.

III. Sjálfbær nýting auðlinda

10. Sjálfbær nýting auðlinda hafsins

- 10.1 Nýting fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins verði ávallt sjálfbær og byggi á bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum.**
- 10.2 Veði úr stofnum, þar sem sýnt hefur verið fram á með vísindalegum rökum að takmarka þarf sókn, skal lúta veiðistjórnun þar sem beitt verði varúðarsjónarmiðum til að ná fram hámarksafrakstri stofna til langs tíma.**
- 10.3 Þróuð verði langtímastefna fyrir nýtingu einstakra stofna, m.a. með þróun aflareglna og beitingu fjölstofnanálgunar þar sem því verður við komið.**
- 10.4 Aðferðir og stjórnun nýtingar á lifandi auðlindum sjávar taki mið af fjölþættu samspili í lífríki sjávar og miði að því að lágmarka neikvæð áhrif nýtingar á aðra lífríkisþætti.**
 - Aflaregla verður mótuð fyrir fleiri mikilvægar fisktegundir en þorsk og taki mið af bestu fánlegri þekkingu á lífríkinu og fjölstofnanálgun.
 - Fjölþætt efnistöð við mat á lífríki hafsins verða efld og hugað að frekari útfærslu vistkerfisnálgunar sem og fjölþjóðlegs samstarfs þar að lútandi.
 - Nýlega samþykktar leiðbeiningarreglur FAO um verndun viðkvæmra vistkerfa á úthafinu verða útfærðar til notkunar á íslensku hafsvæði.
 - Áfram verður lögð áhersla á fjölþjóðlegt samstarf í rannsóknum og þróun þar á meðal á vistvænum lausnum í sjávarútvegi, svo sem þróun veiðarfæra.

11. Sjálfbær gróðurnýting og endurheimt landgæða

- 11.1 Þær auðlindir landsins sem felast í jarðvegi og gróðri, þar með töldum skógi, verði byggðar upp og nýttar á sjálfbæran hátt samkvæmt bestu vísindalegu þekkingu.**
- 11.2 Beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarpóls og hættu á jarðvegseyðingu.**
- 11.3 Unnið verði skipulega að landgræðslu á eyddum og rofskemmdum svæðum, í samræmi við markmið landnýtingar og náttúruverndar á hverju svæði. Hraðfara jarðvegseyðing verði stöðvuð, sérstaklega í byggð og á láglandi.**
- 11.4 Uppbygging nytjaskóga verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins.**
 - Lög um skógrækt og lög um landgræðslu nr. 17./1965 með síðari breytingum verða endurskoðuð á tímabilinu.
 - Áhersla verður lögð á að efla þátttöku landeigenda og treysta samstarf við þá um aðgerðir til að tryggja sjálfbæra nýtingu lands og uppgræðslu.
 - Skógrækt verður stundum með fjölþætt markmið að leiðarljósi einkum með það fyrir augum að endurheimta vistkerfi, vernda jarðveg, binda kolefni, auka tækifæri almennings til útivistar og byggja upp skógarauðlind í því skyni að stuðla að sjálfbærri byggðapróun og nýsköpun í atvinnulífi.

12. Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa

- 12.1 Endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.**
- 12.2 Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun þjóðarinnar verði aukið og að því stefnt að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga. Stefnt verði að því að farartæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir.**
- 12.3 Skipulag raforku- og hitaveitumála verði með þeim hætti að skilvirkni, öryggi og heildarhagkvæmni þess verði sem best tryggð.**
- 12.4 Stuðlað verði að bættri orkunýtni.**
- 12.5 Stuðlað verði að auknum eldsneytissparnaði.**

- Stefnt er að því að ljúka 2. áfanga Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma síðla árs 2009. Kostað verður kapps um að samþætta sjónarmið nýtingar og verndunar við áframhaldandi vinnu við verkefnið.
- Áfram verður haldið jarðhitaleit á köldum svæðum landsins og stutt við uppbyggingu nýrra hitaveitna þar sem hagkvæmt þykir.
- Kannaðir verða möguleikar á að setja upp varmadælur til húshitunar á þeim svæðum þar sem það þykir hagkvæmt. Sýnt hefur verið fram á að varmadælur geti verið góður kostur og sparað umtalsverða orku á þeim svæðum sem nýta raforku til húshitunar.
- Þess verður freistað að skapa hvata til betri orkunýtni meðal annars með bættri tækni. Þá verður aukin áhersla lögð á að nýta enn frekar þá miklu orku sem vannýtt er á þeim háhitasvæðum landsins sem virkjuð hafa verið til raforkuframleiðslu.
- Lögð verður áhersla á að innleiða notkun vistvænna ökutækja. Í því skyni verður m.a. stutt við rannsóknir og nýsköpun á sviði vistvæns eldsneytis. Sérstök áhersla verður lögð á að nýta rafmagn til að knýja bifreiðar. Rannsaka þarf hvort þörf er á nýjum innviðum svo takast megi að innleiða rafmagnsbíla og vistvænt eldsneyti á bíla.
- Leitað verður leiða til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis í bifreiðum meðal annars með markvissri fræðslu og leiðsögn í sparakstri. Hvatt verður til kaupa á sparneytnum bifreiðum með nýrri löggjöf um bifreiða- og eldsneytisskatta.

13. Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs

- 13.1 Dregið verði úr myndun úrgangs eftir því sem kostur er og hann meðhöndlaður þannig að hann valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið. Þyggja þarf að spilliefni berist ekki út í umhverfið.**
- 13.2 Náð verði tölulegum markmiðum um aukna endurnýtingu úrgangs, s.s. umbúðaúrgangs, lífræns úrgangs, rafeindabúnaðar og raftækja.**
- 13.3 Við verðmyndun vöru verði gert ráð fyrir förgunarkostnaði.**
- Lög og reglur um meðhöndlun úrgangs og endurvinnslu verða endurskoðuð með það að markmiði að söfnun og endurvinnsla úrgangs hafi þarfir almennings og umhverfisins að leiðarljósi þannig að markmið um minni urðun og meiri endurvinnslu náist.
 - Ný rammatilskipun um úrgang verður innleidd í lögin með það að fyrir augum að tryggja vend umhverfis og heilsu manna. Þetta verður meðal annars gert með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af myndun og meðhöndlun úrgangs og með því að minnka heildaráhrif vegna meðhöndlunar úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.

IV. Hnattræn viðfangsefni

14. Hreint haf

- 14.1 Styrkur manngerðra mengunarefna í sjávarfangi úr hafinu umhverfis Ísland sé ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisyfirvalda.**
- 14.2 Losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi hverfi með öllu, ekki síst losun þrávirkra lifrænna efna, geislavirkra efna og þungmálma.**
- 14.3 Ísland verði áfram leiðandi í alþjóðlegu samstarfi og aðgerðum gegn mengun hafsins.**
- Stefna Íslands varðandi vernd hafsins verður endurskoðuð með hliðsjón af niðurstöðum vinnuhóps Norðurskautsráðsins um mat á gagnsemi aðgerða til verndar hafinu bæði á alþjóðavettvangi og á norðurslóðum. Ísland tekur þátt í stjórn verkefnisins.
 - Ísland mun taka þátt í gerð væntanlegs alþjóðlegs samkomulags um takmörkun á losun kvikasilfurs.
 - Metið verður hvort framkvæmdáætlun Íslands um mengun frá landsstöðvum þarfnast endurskoðunar með hliðsjón af niðurstöðum í uppfærslu svæðisbundinnar áætlunar fyrir norðurslóðir um vernd hafsins gegn mengun frá landstöðvum sem vinnuhópur Norðurskautsráðsins um vernd hafsins hefur nýlega skilað af sér. Uppfærslan er hluti af alþjóðaverkefni Umhverfisstofnunar sameinuðu þjóðanna um vernd hafsins gegn mengun frá landi (Global Programme of Action - GPA).

15. Takmörkun loftlagsbreytinga af mannavöldum

15.1 Ísland taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi sem miðar að því að koma í veg fyrir hættulega röskun á veðrakerfum jarðarinnar af manna völdum m.a. með því að draga úr útstreymi og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda hér á landi.

15.2 Dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis með markvissum aðgerðum.

15.3 Íslenskri sérþekkingu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa verði miðlað á erlendum vettvangi.

- Stjórnvöld munu leggja aukna áherslu á að flytja út loftslagsvæna tækni, m.a. á sviði jarðvarma og til orkusparnaðar í skipum.
- Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna mun áfram leggja áherslu á að halda námskeið í Suður-Ameríku, Asíu og Afríku til viðbótar við hið hefðbundna 6 mánaða nám hér á landi.
- Áfram verður unnið að því að beita hagrænum aðgerðum til að hvetja til notkunar á umhverfisvænum farartækjum og eldsneyti.
- Átak verður gert til að endurheimta votlendi í því skyni að auka bindingu kolefnis í jarðvegi.

16. Vernd ósonlagsins

16.1 Ísland verði áfram í hópi þeirra ríkja heims sem fremst eru í takmörkunum á notkun og losun ósoneyðandi efna.

16.2 Stefnt verði að því að notkun ósoneyðandi efna verði hætt á Íslandi árið 2010.

- Ósoneyðandi efni verði endanlega horfin af markaði árið 2016 og förgun þeirra tryggð.
- Aukin verður fræðsla um áhrif sólbaða og útivistar í sólríku veðri, áhrif útfjólublárra geisla við yfirborð jarðar á heilsufar fólks og hvernig fyrirbyggja má sjúkdóma af völdum þeirra.

17. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni

- 17.1 Tryggt verði að líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa á Íslandi verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera, erfðaauðlindirnar sem þær búa yfir og búsvæði þeirra.**
- 17.2 Öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt.**
- 17.3 Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki.**
- Unnin verður landsáætlun um vöktun líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands og annarra stofnana í samræmi við stefnumörkun Íslands um líffræðilega fjölbreytni og með hliðsjón af fjölþjóðlegum vöktunaráætlunum svo sem áætlun Norðurskautsráðsins.
 - Unnið verður að skilgreiningu, skráningu og kortlagningu vistgerða á láglandi.
 - Ákvæði um erfðaauðlindir verða sett í náttúruverndarlög við fyrirhugaða endurskoðun laganna.
 - Leiðbeiningarreglur sammingsins um líffræðilega fjölbreytni um hvernig fjalla skal um líffræðilega fjölbreytni við mat á umhverfisáhrifum verða hafðar til hliðsjónar við framkvæmd mats á umhverfisáhrifum.